

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu Hafnarfjörður – miðbær, Strandgata 26-30.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar 9. mars 2022 uppfærða greinargerð vegna lóðar og spennistöðvar í deiliskipulagi lóðarinnar Strandgata 26-30. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið stækkar og nýrri lóð fyrir spennistöð HS Veitna bætt við. Jafnframt eru lóðir Fjarðargötu 13-15 og Strandgötu 26-30 sameinaðar í eina lóð.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. september 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 3. október 2022